

**S3S – SPURNINGAKÖNNUN  
UM SKÓLARÝMI SKÓLANEMENDA**

**Kennslufni 1 – Hvernig þú framkvæmir könnun**

Rannsóknarverkefnið CoReD

**BAKGRUNNUR SPURNINGAKÖNNUNARINNAR**

Þessi spurningakönnun er hluti af rannsóknarverkefni undir hatti Erasmus+. Það nefnist *Collaborative Redesign with Schools* (Samstarf um endurhönnun skóla) og byggir á samstarfi sex þátttökulanda. Í portúgalska teyminu eru rannsakendur á sviði byggingarlistar, landafræði og menntavísinda við Háskóla Kumbríu (e. University of Cumbria).

Verkfærið sem portúgalska teymið leggur til nefnist *S3S* eða *Spurningakönnun um skólarými skólanemenda* og á að stuðla að inngildingu og ígrundaðri rýni um mögulegar breytingar á skólarýmum með stuðningi af endurgjöf nemenda sem nýta þau.

Verkfærið byggir á tveimur skrefum, í því fyrra eiga nemendur að svara spurningakönnun á neti og í því seinna taka þátt í rýnihópum til að varpa ljósi á ályktanir dregnar af fyrra skrefi.

Könnunin einblínir á notkun valinna rýma og tilfinningar eða viðhorf nemenda hvað þau snertir í því augnamiði að greina mögulegar breytingar sem mætti gera og þá hvernig.

CoReD-teymið metur mikils samvinnu og samstarfsvilja skóla og samfélags.

## KENNSLUEFNI UM FRAMKVÆMD KÖNNUNAR

1. Samkvæmt yfirlýstum markmiðum rannsóknarverkefnisins *CoReD* þurfa leiðbeiningar okkar á netinu um verkfæri og aðrar þjargir að vera notendavænar og gera skólafólki fært að rýna eigið kennsluumhverfi og hvernig það styður eða hindrar nám.

Með það í huga ætti valinn kennari að beita S3S-verkfærinu og vera tengiliður á milli skóla og nemenda.

2. Þetta tól einblínir á greiningu fimm rýma eða svæða í skólanum:

- útirými: leiksvæði/inngangur
- formleg kennslurými: kennslustofur/íþróttarými/sérgreinastofur
- námsrými: bókasafn/námsver eða lestrarrými
- matarrými: mötuneyti/sölustaðir
- samkomu- og umferðarrými: frístundarými/gangar/setusvæði

Kennarinn þarf að bera kennsl á þýðingarmikil svæði í sínum skóla eftir þessari flokkun og velja dæmi um hvern flokk til að taka fyrir í könnuninni.

3. Kennarinn þarf líka að taka ljósmynd af hverju þessara fimm rýma.

4. Ennfremur þarf kennarinn að velja einfalda mynd af skólanum öllum, mynd sem nemendur eiga auðvelt með að átta sig á. Við leggjum til loftmynd eða sjónarhorn sótt í Google Earth eða einhverja hliðstæða mynd.

5. Setja ætti númer inn þá mynd til að vísa megi til svæðanna fimm. Titla og tölur svæða má skrifa inn á mynd áður en búin er til stafræn útgáfa af henni eða setja inn á stafræna mynd í myndvinnsluforriti.



6. Með því að nota eyðublað lagt fram í Google Forms sem grunn að könnuninni getur kennarinn lagt inn myndirnar af rýmum í viðeigandi hluta könnunarinnar og komið fyrir myndinni af skólanum á til þess ætluðum stað.

Notið tengilinn hér að neðan til að búa til könnunina með því að krefjast aðgangs til að gera breytingar (Request edit access):

<https://docs.google.com/forms/d/1wD2Mir-mLksytymrpWfDF5uWatDmpaJE9Lugzbx5OVA/edit?ts=5fd3d33b&gxids=7628>

Eftir að aðgangur er veittur þarf að BÚA TIL AFRIT með því að hægri smella á þrjá punkta uppi í hægra horni á skjánum. Vistið hana í eigin möppum.

Þannig verður til útgáfa þar sem koma má fyrir eigin texta og myndum.



7. Kennarinn verður líka að velja úrtak nemenda til að svara könnuninni (við leggjum til að valinn verður bekkur).

8. Nemendum er boðið að svara könnuninni. Stærstur hluti hennar eru fjölvalsspurningar með smærra svæði undir opin svör og persónulegar athugasemdir.

9. Niðurstöðum könnunarinnar er safnað saman og þær greindar til að verða grunnur að vinnu í seinna skrefi með verkfærið, vinnu með rýnihópum nemenda.

Hafir þú einhverjar spurningar um eitthvað í þessu ferli er þér velkomið að hafa samband við Carolinu Coelho, sem leiðir portúgalska teymið: carolina.coelho@uc.pt